

Frá hestamannafélaginu Kóp

Æskulýðsstarfsemin var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Á sumardaginn fyrsta og 17 júní stóð hestamannafélagið fyrir því að leyfa krökkum að fara á hestbak. Er það alltaf jafn vinsælt.

Reiðskóli var haldin á vegum félagsins í byrjun júní og stóð hann í 10 daga. Endaði hann með reiðtúr niður í Meðalland þar sem gíst er í eina nótt og riðið til baka daginn eftir. Þetta er 20 km hvor leið og eru krakkarnir ótrúlega duglegir og það kemur helst ekki fyrir að krakki fari inní bíl. Þeir yngstu voru eru 4 og 6 ára. Reiðskóli er mjög vel sóttur en um 30 krakkar sóttu reiðskólann. Reiðkennari var Kristín Lárusdóttir en hún er með reiðkennararéttindi C frá Hólaskóla.

Um miðjan júní var haldin firmakeppni barna, unglinga og ungmenna. Þar tóku þátt flestir reiðskólakrakkarnir og fleiri til í frábæru veðri. Sendi mynd með af keppendum í barnaflokki. Sá yngsti er 4 ára og lenti í 4 sæti.

Hestamannamótið var haldið í lok júní. Fyrir mót er krökkunum leiðbeint í sambandi við sýningatækni. Þátttaka í barnaflokki var mjög góð en það hefur ekki tekist að halda þeim áhuga upp í eldri flokkana og hefur þátttaka í unglinga og ungmennaflokki verið alltof lítil.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Vík um verslunarmannahelgina. Kópur átti þar nokkra keppendur sem stóðu sig með prýði og unnu til verðlauna. Fengu félagsmenn 4x bronsverðlaun. Undirbúningur fyrir mótið var töluverður. Öllum krökkum sem vildu var boðið upp á ókeypis æfingar með leiðsögn Kristínar Lárusdóttur. Allir sem kepptu fyrir hönd Kóps tóku þátt í æfingunum. Er svæðið mjög dreift en foreldrar lögðu á sig að keyra á æfingar allt upp í 50 km aðra leið. Alls voru haldnar 7 æfingar

Ferð hestamannafélagsins var um miðjan ágúst. Hestaferðin stóð í 3 daga.

Voru í þeirri ferð bæði ungir og gamlir. Þær sem voru yngstar og fóru ríðandi hluta af leiðinni voru 4 og 6 ára.

Kristín Lárusdóttir

Formaður æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Kóps

